

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR

## Kóralína og mæður hennar

### Um vandkvæði þess að skipta um móður í *Kóralínu* eftir Neil Gaiman

Barna- og unglingsbækur eru bókmenntasvið sem hefur alltaf öðru hvoru vakið upp deilur, jafnvel siðferðilegt óðagot, ef höfundur er staðinn að tilteknum boðskap eða skoðunum – og í framhaldi af því er deilt um hvort bækur hans séu heppilegar eða hættulegar ungum lesendum. Slíkar deilur hafa meðal annars leitt til þess að barna- og unglingsbækur hafa lent á bannlista eða verið fjarlægðar úr bókasöfnum, til dæmis í Bandaríkjunum.<sup>1</sup>

Baráttan stendur um barnssálina. Það er sakleysi barnsins sem skal verndað í lengstu lög og þess vegna skal höfundur ekki skrifa neitt sem gagnrýnir foreldrar telja óæskilegt að börn lesi hverju sinni. Stundum eru það stjórn-málaskoðanir höfunda en það geta líka verið umfjöllunarefni eins og kynlíf, ofbeldi, dauði, mannvonska og fordómar. Með öðrum orðum þær hliðar mannlífsins sem valda fullorðnum mestum áhyggjum og ótta. Til að vernda börn gegn þessu hafa menn viljað ritskoða eða endurskrifa bókmenntaarf-inn, gamlar sögur og ævintýri og fjarlægja þannig skoðanir, siði og venjur sem forfeðurnir litu á með velpóknun.<sup>2</sup>

En það gæti orðið óvinnandi vegur að útrýma hrollvekjandi efni úr barna-bókmenntaarfinum því það er samofið honum. Gömlu alþýðuævintýrin og fyrstu listævintýrin á níttjándu öld voru full af ógn enda skrifuð bæði fyrir börn og fullorðna. Barnabækurnar urðu til í framhaldi af listævintýrunum og

<sup>1</sup> „Children’s Literature. Banned and Challenged Books“, *California State University Libraries*, sótt 2. nóvember 2020 af <https://csulb.libguides.com/childrens/banned>.

<sup>2</sup> Maria Tatar, *Off With their Heads. Fairy Tales and the Culture of Childhood*, Princeton, New Jersey: Princeton University Press, 1992, bls. 3–4.



þær voru fullar af hinum hrollvekjandi uppákomum eins og sjá má í hinum sígildu barnabókum *Lísu í Undralandi* eftir Lewis Caroll og *Péttri Pan* eftir James Matthew Barrie.<sup>3</sup> Gotnesk einkenni<sup>4</sup> hafa síðan orðið æ fyrirferðarmeiri í nýrri barna- og unglingabókmenntum eins og í *Gæsa húðabókum* R.L. Stine sem streymdu á markaðinn á tíunda áratug aldarinnar sem leið<sup>5</sup> og metsölubókum Lemony Snickett. Bókin *Den förskræklíka historien om Lilla Hon* (2017) gengur langt í öllu tilliti í að myndgera „gotneskt barn“ frammi fyrir gotneskum fantasíum. Hún hefur verið tilnefnd til helstu bókmenntaverðlauna Svíþjóðar og það sýnir heldur betur hvað viðhorfin til þess hvað börnum er fyrir bestu hafa breyst. Og ekki má gleyma hinum áhrifamiklu bókum J.K. Rowling um galdrastrákinn *Harry Potter*. Flest nútímabörn eru þannig alls ekki ókunnug gotneskum tilþrifum í eftirlætisbókum sínum.

Kenningar barnasálfræðingsins Brunos Bettelheim ganga þvert á allar hugmyndir um ritskoðun gömlu ævintýranna. Í bók sinni *The Uses of Enchantment* (1976) byggði hann á langri reynslu af meðferð barna með geðræn vandamál.<sup>6</sup> Hann segir að börn vilji ekki aðeins fræðast um það sem varðar merkingu og tilgang lífs þeirra eins og fæðingu og dauða, hið góða og hið illa, heldur þurfi þau að vita á þessu skil þegar þau vaxa úr grasi. Aftur á móti beri að miðla slíkri þekkingu eftir vaxandi þroska þeirra til þess að þau meðtaki hvað það er sem ógnar þeim. Bettelheim heldur því enn fremur fram að börn, sem stríði við ótta og kvíða, græði ekkert á yfirborðslegum

<sup>3</sup> Sjá má vísanir til beggja bókanna í *Kóralínu* Neils Gaiman og um það hefur verið skrifað: Theresa Bailie, „Peter Pan and Coraline. Gender's Impact on Mapping Psychoanalysis onto Physical Spaces“, verðlaunaritgerð í ritgerðasamkeppni Western University árið 2015, sótt 5. október 2020 af [https://ir.lib.uwo.ca/ungrawdwards\\_2015/6](https://ir.lib.uwo.ca/ungrawdwards_2015/6).

<sup>4</sup> Lýsingarorðið „gotneskur“ vísar til sérstaks byggingarstíls en hefur verið notað æ meira í íslensku vafalaust undir enskum áhrifum. *Ensk-íslensk orðabók* um merkingu orðsins í bókmenntum: „í stíl sem einkennist af hrollvekjandi, yfirnáttúrulegu eða dularfullu söguefni í drungalegu umhverfi; gerist oft á miðöldum“, *Ensk-íslensk orðabók*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1984, bls. 432. Sjá einnig Guðni Elísson, „Dauðinn á forsíðunni“, fyrri hluti, *Skírniir*, 1/2006, bls. 105–132, hér bls. 121–124.

<sup>5</sup> Barnabókafraeðingurinn Perry Nodelmann fór ómjúkum höndum um þær bækur, sjá Dagný Kristjánsdóttir, „Margur óhreinn andinn“, *Tímarit Máls og menningar* 2/2005, bls. 28–41, hér bls. 37–38. Bókin *Den förskræklíka historien om Lilla Hon* (2017) gengur langt í öllu tilliti í að myndgera „gotneskt barn“ frammi fyrir gotneskum fantasíum. Hún hefur verið tilnefnd til helstu bókmenntaverðlauna Svíþjóðar og það sýnir heldur betur hvað viðhorfin til þess hvað börnum er fyrir bestu hafa breyst.

<sup>6</sup> Bruno Bettelheim, *The Uses of Enchantment. The Meaning and Importance of Fairy Tales*, New York: Vintage, 1989.

barnabókum sem bjóði ekki upp á neina dýpri vitneskju um merkinguna með lífi þeirra. Sögur verði fyrst og fremst að vekja forvitni barna og örva ímyndunaraflíð. Þær verði að þroska greind þeirra og hjálpa þeim að ná tökum á ruglingslegum og mótsagnakenndum tilfinningum og innri ótta. Engir textar hjálpi þeim betur til þess en gömlu alþýðuævintýrin.<sup>7</sup>

Bettelheim notaði lestur ævintýra til að ná til barnanna og klínísk reynsla hans sýndi að þau áttu það til að velja eitt ævintýri öðrum fremur sem þau vildu heyra aftur og aftur þó þau væru hrædd við það. Það sýndi, að hans mati, að barátta hetjunnar og skrímslisins endurspeglaði innri átök barnsins sjálfs. Ef barnið vildi tala um þennan ótta við foreldrana væri það léttir fyrir það. En væru tilfinningar þess ennþá dulvitaðar ættu foreldrar ekki að túlka ævintýrið fyrir það heldur bíða uns gamla ævintýrið hefði misst aðdráttarafl sitt og barnið væri tilbúið til að takast á við ný viðfangsefni.<sup>8</sup> Karen Coats varpar því fram hvort miklar vinsældir draugasagna og hrollvekja hjá börnum í dag megi ef til vill skýra með því að þær fylli upp í þá eyðu sem skapaðist þegar gömlu ævintýrin voru hreinsuð af sínu skýru línunum um gott og illt, umbun og refsingu.<sup>9</sup>

Hugmyndir Bettelheims byggðust aðallega á tveimur hugtökum Sigmunds Freud, *tílfærslu* (þýs. *Verschiebung*, e. *displacement*) og *yfirfærslu* (þýs. *Übertragung*, e. *transference*). Tílfærsla er frumferli sem færir dulvitaða og forboðna vitneskju yfir á annað saklausara, meðvitað fyrirbæri eða persónu. Yfirfærsla, sem er lykilhugtak í sálgreiningunni, felur yfirleitt í sér tílfærslu. Hún einkennir drauma þar sem dulvituð skilaboð „þéttast“ í ákveðnum táknum. Yfirfærsla gegnir miklu hlutverki í sambandi sjúklings og sálgreinanda hans.<sup>10</sup> Í þessu samhengi bendir Bettelheim á að ævintýrin séu skýr

<sup>7</sup> Sama rit, bls. 4–6.

<sup>8</sup> Sama rit, bls. 18–19.

<sup>9</sup> Karen Coats, „Between Horror, Humour, and Hope. Neil Gaiman and the Psychic Work of the Gothic“, í *The Gothic in Children's Literature. Haunting the Borders*, ritstj. Anna Jackson, Karen Coats og Roderick McGillis, New York: Routledge, 2008, bls. 77–93, hér bls. 78–81. Sama ár og grein Coats birtist, það er 2008, birtust greinar eftir David Rudd og Richard Gooding sem vísað er til síðar í greininni. Þessar þrjár greinar hafa verið mikilvægar fyrir alla þá sem síðar hafa skrifað um *Kóralínu* frá sjónarhóli sálgreiningar.

<sup>10</sup> Sjá: Sigmund Freud [1900], *Die Traumdeutung*, 2. og 3. bindi, *Gesammelte Werke*, London: S. Fischer Verlag, 1942, bls. 568–569; Sigmund Freud [1912a], „Zur Dynamik der Übertragung“, 7. bindi, *Gesammelte Werke*, London: S. Fischer Verlag, 1943, bls. 367; Sigmund Freud [1914], „Erinnern, Wiederholen und Durcharbeiten“, 12 bindi, *Gesammelte Werke*, 1946, bls. 130. Ég fjalla einnig um þessi hugtök í bók sem byggir á doktorsritgerð minni, sjá: Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður*

og einföld og siðferði þeirra sömuleiðis. Hin saklausa en vanmetna hetja er góð og fær umbun í lokin, illfyglin eru vond og fá makleg málagjöld. Barnið tengist söguhetjunni og getur yfirfært ótta sinn og kvíða, reiði og árásargirni á hinar illviljuðu ófreskjur sem ógna hetjunni en er útrýmt í sögulok. Formlaus ótti barnsins hefur þá fengið form, kvíði breytist í spennu og þá verður spennulosun og samtalsmeðferð möguleg.

Í greininni sem hér fer á eftir er fjallað um nútímaævintýrið *Coraline* (2002) eftir Neil Gaiman, *Kóralína* í íslenskri þýðingu Margrétar Tryggvadóttur (2004).<sup>11</sup> Afar mikið hefur verið skrifað um bók Gaimans og samnefnda bíómynd sem Henry Selic gerði eftir henni. Kenningar sálgreiningarinnar hafa verið áberandi í fræðilegri umræðu um bókina frá upphafi og eftirfarandi grein styðst einnig við þann kenningaramma. Aðallega er byggt á kenningum Sigmunds Freud og Juliu Kristevu auk femínískrar gagnrýni Barböru Creed. Fjallað verður um samband mæðra og dætra í bókinni og þroskasögu Kóralínu sem er ellefu ára. Hún er að verða kynþroska og ungl-ingur, og þar með gengur hún inn í síðari hluta Ödipusarflækjunnar þar sem viðfangsval einstaklings og kynjasamsömun er staðfest og þrá hans fundinn farvegur. Þetta er ef til vill átakamesta og afdrifarikasta tímabilið í þróun persónuleika og sjálfsmyndar fólks og einkennist af óvissu og ókennileika sem einnig er fjallað um.

### *Kóralína – fantasía eða hrollvekja?*

Kóralína er nútímaævintýri og það tók Neil Gaiman tíu ár að skrifa hana.<sup>12</sup> Sagan fór sigurför um heiminn, hlaut mikið lof bæði höfunda og gagnrýn-

---

til. *Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 1996, bls. 59–65. Bókina má finna sem rafbók í opnum aðgangi á vef Þjóðarbókhöðunnar með slóðinni [https://baekur.is/bok/000081441/Kona\\_verdur](https://baekur.is/bok/000081441/Kona_verdur).

<sup>11</sup> Hér er stuðst við eftirfarandi útgáfur: Neil Gaiman, *Coraline*, Dave McKean myndskreytti, London: Bloomsbury Publishing, 2002 og Neil Gaiman, *Kóralína*, Margrét Tryggvadóttir þýddi, Dave McKean myndskreytti, Reykjavík: Mál og menning, 2004. Þýðingin er ekki gallalaus en mestan part lipur og góð. Allar tilvísanir til bókarinnar í meginmáli vísa til íslensku þýðingarinnar með blaðsíðutali í sviga nema annað sé tekið fram í neðanmálgrein.

<sup>12</sup> Fjögurra ára dóttir hans, Holly, vildi fá að heyra draugasögu og Gaiman ákvað að fljótlegast væri að skrifa slíka sögu fyrir hana. Önnur verk tóku yfir, sagan fékk að liggja en faðirinn bætti við hana öðru hvoru og þegar hann loksins lauk henni var Holly orðin ungl-ingur en yngri dóttirin, Maddy, fimm ára. Sjá: „Neil Gaiman Interview“, viðtal eftir Gavin J. Grant, Indiebound.org, sótt 15. júlí 2020 af <https://www.indiebound.org/author-interviews/gaimanneil>.

enda og aragrúa verðlauna og viðurkenninga. En hún var líka gagnrýnd fyrir að hræða börn og vera óhollur lestur fyrir þau. Þessari gagnrýni svaraði Gaiman fljótlega og sagðist fá tvenns konar viðbrögð við bókinni. Annars vegar frá fullorðnum lesendum sem hefðu lesið hana sem hrollvekju, orðið hræddir og fengið martraðir. Þeir töldu hana alls ekki vera fyrir börn. Hins vegar frá börnum sem lásu hana sem ævintýri eða fantasíu, urðu ekki eða lítið hrædd og fengu engar martraðir.<sup>13</sup>

Í upphafi bókarinnar flytur Kóralína með foreldrum sínum í gamalt, stórt og afskekkt hús, bleikt á litinn. Það reynist búa yfir leyndardómum og íbúarnir sem fyrir eru ekki allir þar sem þeir eru séðir. Þeir eru tvær fyrrverandi sirkuslistakonur, sem kalla sig leikkonur, fröken Frökk og fröken Jónka og í risibúðinni býr eldri maður sem kallaður er Bóbó. Allt er framandlegt í augum Kóralínu og sviðsmyndin til reiðu búin fyrir hrollvekju. Hún opnast svo í frásögninni þegar í húsinu reynist vera „annað hús“ eða annar heimur sem speglar heim Kóralínu og foreldra hennar. Bleika húsið reynist þannig eiga margt sammerkt með reimleikahúsum sem Sigrún Margrét Guðmundsdóttir fjallar um í nýlegri doktorsritgerð sinni og skilgreinir svo:

Sögur um reimleikahús fjalla nánast alltaf um eitthvað úr fortíðinni sem ásækir íbúa hússins. Draugagangurinn verður ekki stöðvaður fyrir en skýringin finnst og tiltekin leyndarmál, til dæmis óuppgerðar sakir eða ranglátur dauðdagi, eru dregin fram í dagsljósið.<sup>14</sup>

Reimleikahúsið er þannig vettvangur siðferðilegs uppgjör, yfirnáttúrulegar verur vilja hefnd vegna niðingsverka sem framin hafa verið í húsinu. Oft eru fórnarlömbin börn. Í sögunni eru illvirkin upplýst og hinum seku refsað, oft með miklum fórnarkostnaði fyrir söguhetjuna. Ótti hennar við illskuna og efinn um hvað hún er og hvaðan hún kemur er drifkraftur og markmið klassísku hryllingssögunnar.<sup>15</sup>

<sup>13</sup> Sama heimild. Ýmsir fræðimenn og höfundar barna- og unglingabóka hafa dregið þessa skýru skiptingu á viðbrögðum aldurshópa í efa. Sjá til dæmis Richard Gooding, „„Something Very Old and Very Slow“. Coraline, Uncanniness, and Narrative Form“, *Children's Literature Association* 33: 4/2008, bls. 390–407; hér bls. 390–392.

<sup>14</sup> Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikahússins í The Shining og þremur íslenskum hrollvekjum*, ritgerð lögð fram til doktorsprófs, Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, 2020, bls. 8.

<sup>15</sup> Sigrún Margrét vitnar í Stephen King sem segir: „Ég trúí á tilvist hins illa, en alla ævina hef ég velt því fyrir mér fram og til baka hvort illskan sé utanaðkomandi eða ekki, hvort hún sé afl í heiminum sem vilji virkilega eyðileggja okkur innan frá, hvert um sig eða í heild. Eða hvort hún komi öll að innan og sé einungis liður í erfðum og

Óttinn er ekki markmið fantasíunnar en hún getur engu að síður átt margt sameiginlegt með hrollvekjunni. Bókmenntafræðingurinn Tzvetan Todorov taldi trúverðugleika frásagnarinnar vera lykilatriði ef skilja ætti á milli þessara bókmenntagreina. Ef uppruni óttans væri skýranlegur og „raunverulegur“ væri sagan hrollvekja en ef svo væri ekki væri sagan fantasía.<sup>16</sup>

Veruleiki og ímyndun fljóta gjarna saman bæði í hrollvekjunni og fantasíunni og mörk geta verið óskýr.<sup>17</sup> Þetta kemur vel fram hjá Farah Mendlesohn sem flokkar bókmenntalegar fantasíur í fjórar megingundir eftir sambandi þeirra við veruleikann:

1. *Gáttar-leitar-fantasíur* (e. *portal-quest fantasy*) þar sem farið er gegnum einhvers konar hlið yfir í annan heim og til baka aftur, eins og í *Lísu í Undralandi* og *Harry Potter* bókunum. Stundum kallaðar lág-fantasíur (e. *low fantasies*).

2. *Altékar fantasíur* (e. *immersive fantasies*) þar sem öll sagan gerist í ímynduðum heimi, þannig eru sígild alþýðuævintýri og nútímaævintýri eins og *Hringadróttinssaga*. Stundum eru sögur af þessu tagi kallaðar há-fantasíur (e. *high fantasy*).

3. *Innrásar-fantasíur* (e. *intrusive fantasies*) þar sem hliðarheimur gerir innrás í veruleikann, raskar jafnvægi og veldur usla. Dæmi gæti verið innrás geimveranna í *Vetrarfrú* Hildar Knútsdóttur (2015).

4. *Fantasíur á mörkum furðu og veruleika* (e. *liminal fantasies*) standa næst hryllingssögunum og geta reynt á þanþol lesandans. Þar blandast furðan inn í hversdagslíf aðalpersónu, eins og í *Rottunum* eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur (2018), og sáð er efa um hvað sé veruleiki og hvað ímyndun. Það vekur óhug lesenda ef mörkin milli þessa verða mjög óskýr og honum er haldið í þeirri stöðu.<sup>18</sup>

Í raun og veru má halda því fram að skáldsagan *Kóralína* falli undir þrjár formdeildir fantasía hér að ofan, það er allar nema altékar fantasíur en sú formdeild útilokar hinar þrjár í strangasta skilningi.<sup>19</sup> Ef *Kóralína* er lesin frá

---

umhverfi. [...] Hið illa er innra með okkur. Því eldri sem ég verð, þeim mun síður tel ég að það séu til einhver utanaðkomandi djöfulleg áhrif; þetta kemur frá fólki.“ Sama rit, bls. 208.

<sup>16</sup> Tzvetan Todorov, *The Fantastic. A Structural Approach to a Literary Genre*, Ithaca: Cornell University Press, 1975, bls. 24–40. Todorov útfærir þessa skilgreiningu nánar í bók sinni en lykilatriði í kenningu hans eru viðbrögð lesenda, hik og efi andspænis hinu yfirnáttúrlega.

<sup>17</sup> Sjá t.d. Matthew Grenby, *Children's Literature*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2008, bls. 145–146.

<sup>18</sup> Farah Mendlesohn, *Rhetorics of Fantasy*, Middletown CT: Wesleyan University Press, 2008, bls xvii–xxv.

<sup>19</sup> Ef heimur sögunnar er heilsteyptur furðuheimur eru allar furður hans veruleiki þess

sjónarhóli sálgreiningarinnar er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að skoða „hinn heiminn“ með sínum mörgu vistarverum sem hluta af innri veruleika Kóralínu og þar með sögunnar; vistarverur, persónur og leikendur spretta þar með úr ímyndunarafla hennar, ótta og þrám þar sem heimur er inni í heimi. Saga Kóralínu félli þannig undir altæka fantasíu í líkani Mendlesohns. Að minnsta kosti er ljóst að svarið við spurningunni um hvort Kóralína sé fantasía eða hrollvekja fer eftir því hvernig sagan er lesin. Frásagnarlíkan Mendlesohns dregur þannig prýðilega fram hve flókin þessi litla skáldsaga er.<sup>20</sup>

### *Kóralínu leiðist*

Neil Gaiman hefur oft sagt frá því í viðtölum að kveikjan að sögunni um Kóralínu sé draugasaga eftir Lucy Lane Clifford, „Nýja móðirin“, frá 1882 sem segir frá litlum systurum í sveit sem hitta dularfulla stúlku við veginn til þorpsins.<sup>21</sup> Hún lofar að þeim muni veitast mikil skemmtun ef þær verði svo óþekkar að móður þeirra skilji að þær elski hana ekki lengur og fari frá þeim. Í stað hennar muni koma ný og betri móðir sem sýni þeim merkilega hluti. Knúnar áfram af forvitni hrekja dæturnar móður sína grátandi burt með yngsta barnið og nýja móðirin kemur. Hún er ægileg, með skínandi augu úr gleri og trérófu. Telpurnar flýja dauðhræddar út í skóginn bak við húsið, draga þar fram lífið í sorg og sút – og eru þar enn.<sup>22</sup>

Karen Coats fjallar um þessa sögu og ótta barna við að móðirin hætti að elska þau og yfirgefi ef þau rísi gegn henni. Barnið varpar þannig sinni eigin reiði yfir á móðurina.<sup>23</sup> Coats segir:

---

heims og enginn til að ráðast inn í hann, ekki hægt að fara inn og út úr honum yfir í ævintýraheim sem er hliðskipaður honum, ímyndaður eða draumur. Að mati furðusagnameistarans J.R.R. Tolkiens var *Lisa í Undralandi* til dæmis ekki alvöru ævintýri. Sjá J.R.R. Tolkien, *On Fairy Stories*, bls. 5, sótt 4. nóvember 2020 af <http://brainstorm-services.com/wcu-2005/fairystories-tolkien.html>.

<sup>20</sup> Stefán Geir Jónsson skrifaði BA ritgerðina *Förin að heiman og leitin. Bækurnar um Blíðfinn eftir Þorvald Þorsteinsson* (2019) sem byggist á frásagnarfræði Mendlesohn, þýðing hugtakanna er frá honum komin. Sjá <https://skemman.is/handle/1946/32200>.

<sup>21</sup> Sjá til dæmis: Neil Gaiman, „Kid Goth. Neil Gaiman’s Fantasies“, viðtal eftir Dönu Goodyear, *The New Yorker*, 25. janúar 2010, sótt 6. nóvember 2020 af <https://www.newyorker.com/magazine/2010/01/25/kid-goth>.

<sup>22</sup> Lucy Clifford, „The New Mother“, í birtingu *Weird Fiction Review*, 3. nóvember 2011, sótt 12. nóvember 2020 af <https://weirdfictionreview.com/2011/11/creepy-classic-lucy-cliffords-the-new-mother/>.

<sup>23</sup> Slíkt nefnist í sálgreiningu frávarp en Sigurjón Björnsson hefur skilgreint hugtakið með eftirfarandi hætti: „Frávarp (e. *Projection*; þýs. *Projection*) felst í því að

Þetta er óhugnanleg viðvörðunarsaga sem virkar vel af því að hún höfðar til raunverulegs ótta barnskunnar: „Hvað ef þrjár mínar ganga fram af móður minni? Hvað ef hún hættir að elska mig? Hvað ef Grýla, sem étur mig, kemur í hennar stað. Eða það sem verra er – að ég verði að afsala mér því sem ég vil eða afsala mér ást hennar ella?“<sup>24</sup>

Eftir að Kóralína og foreldrar hennar flytja í bleika húsið, hefur hún engan til að leika sér við og leiðist alveg ógurlega – foreldrar hennar eru önnum kafnir og vinna heima við tölvur sínar. Undir slíkum kringumstæðum er ekki ólíklegt að ellefu ára dóttir gæti hugsað sér að fá nýja og skemmtilegri móður eins og telpurnar í áðurnefndri draugasögu Lucy Lane Clifford. Móðir Kóralínu hefur bannað henni að fara inn í stásstofuna en hún gerir það samt og sér þá dyr á vegg sem móðirin opnar fyrir hana með lyklum sínum. Það reynist múrað upp í þær og móðirin ítrekar bann sitt við að fara inn í stofuna eða fíkta við dyrnar. Af hverju? Minnið um hinar læstu dyr, sem ekki má opna nema hafa verra af, er alþekkt í ævintýrum og alltaf tengt hættum og illum afleiðingum. Spurningin er: veit móðirin hvað leynist bak við þessar dyr. Hefur hún opnað samsvarandi dyr sjálf?

Norski heimspekingurinn Lars Svendsen segir að „leiðindi eigi venjulega upptök sín í því að við vitum ekki hvað við viljum eða neyðumst til að gera eitthvað sem okkur langar ekki til. Hvað langar okkur í raun til að gera og vera?“<sup>25</sup> Þetta er vandamál Kóralínu í hnotskurn því hún þekkir ekki vilja sinn og eftir mikinn flóttu frá því að finna hvað hún vill þvinga leiðindin hana til komast að raun um hvað það er. Foreldrarnir vilja ekki gera það fyrir hana. Mamman segir henni að teikna til að drepa tímann og Kóralína reynir að teikna hvíta þokuna fyrir utan gluggann og sýnir mömmu sinni. „Afar framúrsteftnulegt, elskan“ segir mamma hennar (25). Neðst á blaðið er skrifað smáum stöfum:<sup>26</sup>

---

einstaklingur vill einhverra hluta vegna ekki kannast við eigin hugmyndir/hugsanir heldur ætlar öðrum þær. Þetta er frumstæður varnarháttur sjálfins og uppstaða ofsóknarhugmynda eða paranoíu.“ Sigurjón Björnsson, „Lítill orðabók með skýringum“, í Sigmund Freud, *Ritgerðir*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 326–349. Ég vek athygli á þessu stuttorða en gagnorða hugtakasafni Sigurjóns sem er einkar notadrjúgt fyrir áhugamenn um sálgreiningu.

<sup>24</sup> Karen Coats, „Between Horror, Humour, and Hope. Neil Gaiman and the Psychic Work of the Gothic“, *The Gothic in Children's Literature. Haunting the Borders*, New York: Routledge, 2008, bls. 77–93, hér bls. 86.

<sup>25</sup> Lars Svendsen, *A Philosophy of Boredom*, London: Reaktion Books, 2005, bls. 19.

<sup>26</sup> Neil Gaiman, *Coraline*, bls. 26.



M ST  
I

Bókmenntafræðingurinn David Rudd túlkar þetta dularfulla myndverk Kóralínu sem *frásagnarspegil* (fr. *mise an abyme*) yfir sjálfsmyndarvanda hennar þar sem fyrstu persónuornafn hennar (I) er skilið frá sambengi bókstafanna og fellur niður úr tákmyndinni – eða er stuggað burt úr henni.<sup>27</sup> Rudd bendir á að annars vegar megi túlka þetta sem tákun á einmanaleika Kóralínu og hins vegar að „ég“ er ekki til í táknerfinu án samkomulags við það.<sup>28</sup> Nálægt hugtakinu „mist“ á ensku er líka þátíð sagnarinnar „miss“ eða „missed“ (saknað, horfin). Það speglar grunntilfinningu telpunnar í upphafi bókar.

Ödipusarflækjan er átakasvæði í þróun barnsins þegar það er þriggja til fimm ára. Það samanstendur af tveimur hlutum: *jákvæðri flækju*, þar sem drengurinn elskar móðurina og þráir að drepa föðurinn og giftast móðurinni eins og segir í goðsögninni um Ödipus konung, og *neikvæðri flækju*, það er drengurinn elskar föðurinn og sýnir móðurinni afbrýði og andúð. Laplanche og Pontalis segja að hér sé form þríhyrningsins mikilvægast í því að hann setji barnið í neðsta hornið, í tveimur efri hornunum sé annars vegar nærtækasta viðfangsval þess, móðirin, hinum megin séu lögin (bannið gegn sífjaspellum) í höndum föðursins. Að fyrstu lögin beinist gegn nærtækustu svölun óskarinnar læsir þetta tvennt saman órjúfanlega, og hér vitna þeir Laplanche og Pontalis til Lacan.<sup>29</sup> Lögin gegn sífjaspellum eru tengd við forna goðsögu og Freud talar um þau eins og þau hafi fallið af himnum ofan en séu ekki sprottin úr samfélaginu. Fyrir honum er það mjög mikilvægt að þessi lög séu hafin yfir samfélagsgerð eða tímabil, þau eigi að vera óhagganleg, vera upphafspunktur. Þrjár einstaklinga og lögin fara ekki endilega saman en eru órjúfanlega tengd, eins og kenningar Lacans sýna. Í kenningum Freuds er þríhyrningurinn meginmál en honum fylgja jafnframt átök meðal annars milli kynhneigða.

<sup>27</sup> Nánari umræðu um hugtakið frásagnarspegil má finna í Jón Karl Helgason, „Deiligaldur Elíasar. Tilraun um frásagnarspeglar og sjálfgetinn skáldskap“, *Ritið* 3/2006, bls. 101–130. MIST er þýtt sem ÞOKA í þýðingu Margrétar Tryggvadóttur, *Kóralína*, bls. 25 og fangar því engan veginn margræðni myndarinnar sem frásagnarspegils.

<sup>28</sup> David Rudd, „An Eye for an I. Neil Gaiman’s *Coraline* and Questions of Identity“, *Children’s Literature in Education* 39: 2008, bls. 159–168, hér bls. 160.

<sup>29</sup> Sjá Jean Laplanche og Jean-Bertrand Pontalis, *The Language of Psycho-Analysis*, London: The Hogarth Press and the Institute of Psycho-Analysis, 1985, bls. 286.

Samkvæmt Laplanche og Pontalis kom það flatt upp á Freud þegar konur í röðum sálgreinenda, sem fjölgaði hratt á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar, byrjuðu að birta niðurstöður sínar um viðfangstengsl stúlku-barna og ást þeirra og tengsl við móðurina sem þær vildu ekki alltaf yfirgefa til að skipta um viðfang. Í augum Freuds var Ödipusarflækjan kjarni persónuleikans. Stigin á undan henni voru mikilvæg en fyrst og fremst undirbygging. Sú áhersla sem síðar færðist yfir á móður og stúlkubarn og þroskaferlið fyrir Ödipusarstigið er afar mikilvæg en þá er oft talað um tvíhliða samband, jafnvel alveg án föðursins.<sup>30</sup>

Kóralína truflar vinnu foreldranna eins mikið og hún getur – án árangurs. Hún er ekki í uppreisn gegn þeim enda eru þau góðir foreldrar. Kröfu þeirra um að hún sýni meira sjálfstæði túlkar hún hins vegar sem áhugalessi og höfnun. Hún er að breytast úr barni í fullorðinn, verður að losa um hin nánu tengsl við móðurina og byggja upp eigin sjálfsmynd. Kóralína er nýflutt, framundan er nýr skóli, táningsaldurinn og kynþroskaskeiðið. Í búðarferð mæðgnanna í upphafi sögunnar ætlar móðirin að kaupa skólaföt á hana, þær verða viðskila og móðirin spyr telpuna hvar í ósköpunum hún hafi verið. Kóralína svarar: „Geimverur námu mig á brott [...]. Þær komu utan úr geimnum með geislabyssur, en ég lék á þær með því að setja á mig hárkollu og hlæja útlenskum hlátri og þannig slapp ég.“ Þessu svarar móðirin svo: „Já elskan. En ég held þú gætir þurft fleiri spennur, hvað heldur þú?“ (32) Strax eftir þessa búðarferð ákveður Kóralína að rísa gegn banni móður sinnar og opna þær dyr sem skilja hana frá móðurinni, valdi hennar og vilja.

### *Hitt heimilið og hið ókennilega*

Þegar telpan opnar dyrnar er veggurinn sem þær mæðgur sáu horfinn og við blasa göng sem ekki voru þar þegar mæðgurnar opnuðu dyrnar saman. Þau virðast þannig ætluð henni einni. Kóralínu finnst eitthvað kunnuglegt við þessi göng en hún á ekki í neinum erfiðleikum með að þekkja íbúðina fyrir enda þeirra því að hún er samhverf heimili hennar, mömmu og pabba í næstum öllum smáatriðum. Þarna á „hinu heimilinu“ bíða hennar fagnandi karl og kona sem eru eftirmyndir foreldra hennar, tala eins og þau og líta eins út nema hvað móðirin er mjög fól, hærri og grennri en hún á að sér að vera, með lengri fingur og blóðrauðar, beittar neglur. Í augna stað hafa þau bæði svartar, glansandi tölur.

<sup>30</sup> Kóralínu þykir innilega vænt um föður sinn sem er henni mjög góður, en hann er í útjaðri hinna sálfræðilegu átaka mæðgnanna.

Konan í samhverfu íbúðinni býður Kóralínu í heimagerðan mat sem mikil alúð hefur verið lögð við, það er safaríkur, gullinn kjúklingur og franskar kartöflur. Heima hjá sér fær Kóralína þurra, ofeldaða búðarkjúklinga ef mamma hennar eldar, franskan eða annan útlenskan mat með útlendum kryddum sem faðirinn eldar „eftir uppskriftum“ og henni finnst framandlegar og maturinn fávondur. Hún borðar hann aðeins af því að hún elskar föður sinn mjög og er hænd að honum. Í hennar augum er heimatilbúinn matur, helst frosinn, djúpsteiktur fiskur og franskar að enskum hætti, tákn um ást, umönnun, eindrægni og þjóðerni. Til að byrja með lætur hún tælast af dekrinu á hinu heimilinu og er jafnvel tilbúin til að dvelja áfram hjá hinum foreldrum sínum. En ekki með þeim skilmálum að þau fái að taka augu hennar og setja tölur í stað þeirra.

Hin móðirin býður telpunni gull og græna skóga, allt sem hugur hennar girnist, ef hún vilji vera hjá þeim. Hún vill skipuleggja allan daginn fyrir „dótturina“ með stanslausu stuði og Kóralína skilur að þessi kona myndi aldrei leyfa henni að leiðast og ákveða sjálf hvað hún vildi gera í því. Þessi móðir myndi leggja sjálfsmynd hennar undir sig um leið og hún yrði til og aldrei gefa henni tóm til að þrá neitt. Kóralína útskýrir þetta fyrir hinum Bóbó, eftirmynd gamla karlsins í risibúðinni, sem mælir með tilboði hennar móðurinnar um ættleiðslu enda sjálfur sköpunarverk hennar: „Þú skilur þetta bara alls ekki,“ sagði hún. „Ég vil ekki allt sem ég vil. Það vill enginn. Ekki í raun og veru. Það væri ekkert gaman að fá allt sem manni dytti í hug. Bara sisvona. Það hefði enga merkingu. Og hvað svo?“ (126–127)

Margoft hefur verið bent á tengsl Kóralínu við grein Sigmund Freuds um *hið ókennilega* (þýs. *das Unheimliche*, e. *the uncanny*) frá 1919.<sup>31</sup> David Rudd gengur svo langt að segja að Kóralína sé „skáldleg sýnikennslar“ (e. *fictional representation*) á hugtakinu *das Unheimliche* og hann segir:

Í augum Freuds er hið ókennilega „sú tegund ótta sem tengist því sem við höfum lengi vitað og löngu þekkt.“ Heimilið góða býr yfir illum heimi sem er móthverfa þess og orðinn til úr ótta sem er gamalkunnugur.<sup>32</sup>

<sup>31</sup> Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, *Listir og Listamenn*, þýð. Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 191–239. Sigurjón Björnsson þýðir hugtakið *das unheimliche* með *hið óhugnanlega*. Smám saman hefur önnur þýðing á hugtakinu rutt sér til rúms meðal bókmenntafræðinga eða *hið ókennilega* og það er notað hér.

<sup>32</sup> Ennfremur leggur Rudd til ágæta skilgreiningu á hugtakinu: „For Freud, the Uncanny is „that class of the frightening which leads back to what is known of old and long familiar“, David Rudd, „An Eye for an I“, bls 161.

Ritgerð sína skrifaði Freud í samræðu við geðlækninn Ernst Jentsch sem hafði komist að þeirri niðurstöðu árið 1906 að óútskýrður ótti manna beinist aðallega að hinu óþekktu. Grein Freuds hefst á eins konar upphitun þar sem hann fer í gegnum orðabókaskýringar á þýska hugtakinu *das Unheimliche*. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að hugtakið feli í sér keðju merkinga sem líti allar að *hinu leynda* (þýs. *heimliche*) og *heimilinu* (þýs. *heimisch*) því að hið ókennilega búi þar sem síst skyldi. Það býr ekki í því sem við þekkjum ekki, heldur þvert á móti í því þekktu og persónulega sem hefur verið bælt og vísað til hinnar duldu vitundar.<sup>33</sup>

Freud notar smásöguna „Der Sandmann“ (1816) eftir Ernst Theodor Amadeus Hoffmann sem greiningartexta í ritgerðinni.<sup>34</sup> Sagan byggir á bernskuminningu stúdentsins Nataniels sem var hræddur með hryllingssögum um Sandmanninn sem blindar lítil, óþekk börn með því að kasta sandi í augu þeirra og hirðir svo augun. Frásögnin af hinum lánlausa Nataniél er löng og flókin eins og mörg ævintýri Hoffmanns en hrein fjársjóðskista fyrir Sigmund Freud og aðra sálgreiningendur, tónskáld, rithöfundu og listamenn.

Óttinn leikur aðalhlutverk í grein Freuds; óttinn við blindun, *aftimun* og *geldingu*; við *tvífara* og *rof markanna* milli hins *lifandi* og *dauða* sem eru iðulega rofin í „Der Sandmann“. Skýrasta dæmið um það í *Kóralínu*, eru skjólstæðingar hennar – vofur barnanna sem hin móðirin rændi sálum sínum og drap.

Aðalpersónan í „Der Sandmann“ er stúdent og ástfanginn af hinni fögru dóttur prófessorsins, Ólympíu. Allir dá hana. Þegar stúdentinn uppgötvar að hún er vélmenni missir hann vitið. Sérdeilis ókennilegar eru að mati Freuds *aftimanir af öllu tagi*, afhöfðun, afhöggna hendur sem eru afar viðbjóðslegar vegna þess að þær tengjast geldingarduldinni.<sup>35</sup> Ekki verða þær geðslegri ef þær fara að lifa eigin lífi knúnar áfram af illum vilja fyrri eiganda en eins og við munum komast að verður slíkur hryllingur bæði andstyggilegur og spaugilegur í lok *Kóralínu*.

Önnur ókennileg upplifun sem Freud lýsir, er *endurtekningaráráttan* sem býr í dulvitundinni og kemur frá elstu og frumstæðustu hvötum frum-

<sup>33</sup> Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 225–232.

<sup>34</sup> Sögur E.T.A. Hoffmann eru fullar af dulúð og hrolli og höfðu mikil áhrif á sínum tíma, meðal annars á ævintýrasmiðinn H.C. Andersen. Ævintýrið *Skugginn* er listileg útfærsla á hryllingi tvífaraminnisins og *Snædrottningin* fjallar um barn sem Snædrottningin blindar með ísnálum, svo nokkuð sé nefnt.

<sup>35</sup> Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 222.

bernskunnar sem við treystum að séu vandlega bældar.<sup>36</sup> Þessi áráttu getur verið sterkari en sjálft vellíðunarlögmálið og knúð fólk til að breyta þvert gegn eigin hagsmunum, kallað fram ömurlegar kenndir, illar gjörðir og villu. Freud lýsir því í grein sinni hvernig hann villist í þoku, gengur í hringi og kemur alltaf á sama stað og sú lýsing er tekin upp í *Kóralínu*, að breyttu breytanda.

Mikilvægasta þrástef sögunnar „Der Sandmann“ er augu. Sandmaðurinn stelur augum barnanna. Hinn dularfulli sjónglerjasmíður Coppola, sem stúdentinn kynnist í borginni, hrópar „falleg augu, falleg augu“ á torgum þar sem hann selur gerviaugu, sjóngler og sjónauka. Þegar brúðan Ólympía liggur lemstruð á jörðinni er hann fljótur að hremma augu hennar svo tóftirnar blasa við elskhuganum sem missir vitið.

Niðurstaða Freuds er að hið ókennilega sé ekki ókunnugt, eins og Ernst Jentsch taldi, heldur kunnugt og komi úr sálardjúpunum eins og þegar menn lenda í þoku og villast í skóglendi á fjöllum: „hver tilraun til að finna merka og kunnulega slóð endar með því að maður kemur aftur og aftur á einn og sama staðinn, sem maður þekkir af kennileitum.“<sup>37</sup>

Leit Kóralínu í sögunni er fyrst sjálfleit, síðan leit að týndum foreldrum sínum og sálum barnanna. Sú leit leiðir hana gegnum allt það sem hún óttast, gegnum holrými og gotnesk leynigöng, hrylling og djúpa kjallara hins hússins sem tekur stöðugum breytingum. Áskoranirnar eru handan við allt sem hægt er að krefjast af ellefu ára telpu.

### *Hjálþarmenn hetjunnar*

Foreldrar Kóralínu eru horfnir og hún vill endurheimta þá og gamla heimilið. Hún vill ekki vera þar ein. Það eru runnar á hana tvær grímur og móðurskiptin orðin verri kostur en haldið var í fyrstu. Hún hefur líka vingast við vofur þriggja barna sem eru faldar bak við spegil í hinu húsinu. Þau eru með töluaugu. Hin móðirin hefur rænt sálum þeirra og falið þær svo að enginn fyndi, börnin geta því hvorki lifað né dáíð.

Kóralína er ekki ein í ráðum í baráttunni við hina móðurina. Eins og í gömlu ævintýrunum á söguhetjan sér ekki aðeins andstæðinga heldur líka hjálþarmenn. Bæði gamli, galni karlinn sem býr í risinu, herra Bóbó, og gömlu sirkuslistakonurnar reyna að vara hana við. Bóbó skilar því til hennar frá „músunum“ að hún eigi ekki að fara gegnum göngin milli heimanna,

<sup>36</sup> Sama rit, bls. 216.

<sup>37</sup> Sama rit, bls. 215.

Jónka og Frökk spá fyrir henni í telauf og sjá að hún er í hættu stödd. Frökken Jónka gefur henni verndargrip, ósjálegan stein með gati í gegnum sem reynist ómetanlegur töfrasteinn, þeirrar náttúru að þegar eigandinn horfir gegnum hann sér hann gegnum svik og sjónhverfingar. Vofur dánu barnanna mynda líka bandalag við Kóralínu og hjálpa henni með ráðum og dád.

Mikilvægustu hjálpina fær Kóralína frá svörtum ketti sem hún sér strax fyrsta daginn í húsinu og reynist vera talandi þegar hún hittir hann næst en þá í hinum heiminum.<sup>38</sup> Því miður er kötturinn móðgunargjarn, þrætugjarn og kaldhæðinn með endemum til að byrja með en hann veit sínu viti. Hann ráðleggur Kóralínu að berjast vitsmunalega við hina móðurina því að „hennar líkar“ (71–72) hafi gaman af leikjum og samkeppni og Kóralína tekur það ráð og skorar á „hina móðurina“ í keppni upp á líf og dauða.

Verðlaunin í keppninni sem hefst í lokakaflanum eru þessi: Ef Kóralína vinnur lofar hin móðirin að sleppa foreldrum hennar og afhenda sálir barnanna þriggja. Ef Kóralína tapar lofar hún aftur á móti að verða undirgefín dóttir hinnar móðurrinnar sem megi taka augun úr höfði hennar og sauma tölur í þeirra stað.

Kötturinn segir við Kóralínu að „skepnan“ muni sennilega ekki halda loforðið ef hún tapi. Hvað á hann við með „skepna“ og hvað er hún? Kóralína spyr köttinn hvað vaki fyrir henni, hvers vegna hún vilji endilega eiga sig og hann svarar: „Hún vill eitthvað til að láta sér þykja vænt um, held ég“, sagði kötturinn. „Eitthvað sem er ekki hluti af henni sjálfri. Svo gæti hana langað í eitthvað í svanginn. Það er erfitt að segja þegar svona skepnur eiga í hlut“ (71–72).

Kötturinn neitar að gefa frekari upplýsingar en þetta tvíráða svar. Hvað eftir annað verður Kóralína vör við að hinir foreldrarnir horfa á hana hungruðum augum.

Smám saman skilur hún að allt sem til er í hinum heiminum er blekking; hin íbúðin, bakhlið sem er eftirlíking af framhlið hússins, trén í garðinum sem eru hrákasmíð, ólögulegri og furðulegri eftir því sem fjær dregur húsinu en þar tekur við hvít þoka en í henni ganga þau kötturinn lengi í ókennilegri villu sem er afar lík villu Sigmunds Freud í þokunni sem lýst var í ritgerðinni „Das unheimliche“. Loks koma þau aftur að hinu húsinu.

<sup>38</sup> Talandi kettir eru afar vinsælir í ævintýrum, frægastur er ef til vill Cheshire kötturinn í *Lisu í Undralandi*, *Stígvélaði kötturinn* og hinn slægvitri Behemoth í *Meistararnum og Margarítu* eftir Búlgakov sem er náskyldur kettinum í *Kóralínu*. Köttur Kóralínu hefur ekkert nafn og setur á heimspekilega þrætubók um það við hana.

„En þetta er ...“ sagði Kóralína.

„Húsið sem þú gekkst í burtu frá,“ botnaði kötturinn.

„Einmitt.“

„Kannski hef ég gengið í hringi í þokunni,“ sagði Kóralína.

[...] En hvernig er hægt að labba frá einhverju og enda svo aftur á sama stað?“

„Enginn vandi“, sagði kötturinn. „Ímyndaðu þér að þú gangir í kringum jörðina. Þú hefur förina á ákveðnum stað og í lokin endarðu þar á nýjan leik.“

„Þetta er lítill heimur,“ sagði Kóralína.

„Hann er nógu stór fyrir hana,“ sagði kötturinn. „Köngulóarvefir þurfa aðeins að vera nógu stórir til að veiða flugur.“

Það setti hroll að Kóralínu. (81)

Það rennur upp fyrir Kóralínu að hún er ekki bara velkomin í mat til hinnar móðurinnar heldur gæti hún sjálf verið á borðum.

Í greininni „The Key is in the Mouth. Food and Orality in Coraline“ rekja Kara K. Keeling og Scott Pollard hlutverk munnstigs og matar í Kóralínu. Þau telja munnstigið gríðarlega mikilvægt og vanmetið í sálfræðilegri mótun barnsins, maturinn sé ekki bara næring heldur menningarlegur vígvöllur þar sem barist er um sjálfræði þess og sjálfsmýnd.<sup>39</sup> Munnstigið er fyrsta þrepið í þriggja þrepa líkani Freuds yfir þróun *kynorkunnar* (þýs. *libido*) sem knýr kynhvötina og einkennir fyrstu mánuði ungbarnsins. Fyrsta örvun kynorkunnar tengist næringarnámi ungbarnsins, snerting vara þess og brjósts móðurinnar tengir það við sitt fyrsta viðfang, móðurina. Sálgreinandinn Karl Abraham skipti munnstiginu í tvö stig þar sem það fyrra beinist að því að sjúga en það síðara að bíta. Það síðara kallar Abraham *munn-sadískt* (e. *oral-sadist*) og því tengist fantasían um að éta eða vera étinn af móðurinni.<sup>40</sup>

Það er aldrei staðfest að hin móðirin ætli raunverulega að éta Kóralínu öðruvísi en í yfirfærðri merkingu en úr því hún getur brutt lifandi skorkvikindi eins og poppkorn er hún til alls vís. Þar stígur hún hiklaust yfir mörk siðmenningarinnar og þarna verður spenna munnstigsins augljósust í bókinni, segja Keeling og Pollard, því að hin vel upp alda Kóralína kallar

<sup>39</sup> Kara K. Keeling og Scott Pollard, „The Key is in the Mouth. Food and Orality in *Coraline*“, *Children's Literature* 40: 2012, bls. 17–18.

<sup>40</sup> Sjá til dæmis Jean Laplanche og Jean-Bertrand Pontalis, *The Language of Psycho-Analysis*, bls. 287–288. Sjá einnig mjög góðan formála Juliet Mitchell að bókinni *Selected Melanie Klein*, London: Penguin, 1991, bls. 9–35.

hina móðurina „ógeðslega, vonða og skrytna“ upp í opið geðið á henni og segir: „Þú ert ekki mamma mín“ (85).

Hin móðirin færir þannig smám saman í flokk þeirra ófreskja sem börn hræðast hvað mest en það eru mannæturnar. Þær eru fjölmennar í barnabókum: Grýla, stjúpunar í fjölmörgum ævintýrum svo sem *Mjallhvíti*, nornin í *Hans og Grétu*, tröll og risar eins og í *Jóa og baunagrasinu*, úlfurinn í *Rauðbettu* og svo mætti lengi telja. Kóralína hafnar þessari hryllingsmóður sem sækist eftir lífi hennar og upphafning hennar á sinni raunverulegu móður vex að sama skapi.<sup>41</sup>

Melanie Klein, sem hvað mest hefur skrifað um frumberskuna og munnstigið, segir að móðirin geti aldrei fullnægt öllum þrám ungbarnsins sem sé of óþroskað til að samþykka það og kljúfi móðurina í hina illu og góðu móður. Í ófullnægju sinni þráir barnið að gleypa brjostið eða móðurina alla en óttinn við gagnárás hennar og hefnd getur skapað ofsahræðslu þess. Barnið þolir þetta ekki og varpar þannig upphaflegri árásargirni sinni yfir á móðurina. Þetta telja Keeling og Pollard góða lýsingu á þeim sálrænu átökum sem eiga sér stað í Kóralínu.<sup>42</sup>

Síðasti hluti *Kóralínu* gerist í „hinum hluta hússins“ þar sem hin móðirin býr og hann verður æ ókennilegri og skelfilegri. Eftirmyndirnar af fólkinu sem býr í raunverulega húsinu, hin Frökk, hin Jónka og hinn Bóbó afskræmast og ummyndast fyrir augum Kóralínu og öll horfa þau á hana hunguðum augum hinnar móðurinnar enda sköpunarverk eða ummyndanir hennar. Þar sem Kóralína stendur í hinum garðinum, í gjörningahrið hinnar móðurinnar, fletjast allar útlínur út, trén verða illa gerðar klessur og húsið verður fyrst eins og ljósmynd og svo eins og teikning eða skissa af húsi. Samt opnast dyr þessa húss og Kóralína og kötturinn ganga inn. Lokaátök Kóralínu við hina móðurina standa fyrir dyrum.

<sup>41</sup> Þess má geta að í sögu Þórarins Leifssonar, *Leyndarmálið hans þabba* (2007) er það faðirinn sem reynist mannæta, sjá nánar: Dagný Kristjánsdóttir, „Kannski á ófreskjan líka börn. *Leyndarmálið hans þabba* eftir Þórarin Leifsson“, *Tímarit Máls og menningar* 2/2008, bls. 123–129. Sjá einnig grein Elínar Bjarkar Jóhannsdóttur um mannæti í sömu sögu: „Í greipum mannættunnar. Menningarleg bannsvæði í *Leyndarmálinu hans þabba* eftir Þórarin Leifsson“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2013, bls. 16–25.

<sup>42</sup> Kara K. Keeling og Scott Pollard, „The Key is in the Mouth“, bls. 17–18. Melanie Klein var upphaflega nemandi Karls Abraham sem sálgreindi hana og hafði töluverð áhrif á kenningar hennar.



*Hin móðirin*

Hver er hin móðirin eða kannski öllu heldur: *Hvað* er hún? Hún er ekki mannleg en getur tekið á sig mannsmynd. Hún er ekki dýr þó að hún bryðji lifandi bjöllur eins og sælgæti og virðist síhungruð. Hún segist elska börn, en eins og kötturinn segir viturlega, er erfitt að greina á milli þess hvort hún vill eiga þau eða éta þau því þetta virðist, beint og óbeint, eitt og það sama í hennar augum. Vivienne Muller segir að hin móðirin í sögu Gaimans sam-eini flestar þær neikvæðu

[...] erkitýpur og menningarlegu staðalmyndir sem mæðrum hafa verið eignaðar en femínistar reynt að útrýma, draga í efa eða taka í notkun í jákvæðri merkingum. Þetta eru hin illa stjúpmóðir, barnlausa herfan, móðirin á tímabilinu fyrir ödipusarflækjuna, konan sem ekki er líffræðileg móðir (stjúpan), ógifta konan, hryllingskonan og hin völduga Medúsumynd. Slíkar myndir af kvenleiknum hafa verið herteknar í sagnalist og gerðar að úrkasti, tengdar myrkri og mótunarstigi kvenlegrar vitundar og þar með aðskildar frá þroskuðum kvenleika og tjáningu hins móðurlega.<sup>43</sup>

Barbara Creed segir að Ödipusarflækja Freuds byggist vissulega á ótta karla en hann beinist ekki að því að faðirinn geldi þá heldur móðirin/konan.<sup>44</sup> Ástin til hennar sé hættuleg og bönnuð og ein birtingarmynda þessarar forboðnu aðlöðunar sé *hryllingskonan* (e. *monstrous feminine*). Creed býr til og notar hugtakið hryllingskona í stað *kvenskrímslis*. Með því vill hún undirstrika að hugtakið sé ekki samhverft við *karlskrímsli* vegna þess að hrollurinn snýst ekki aðeins um kyn skrímslisins heldur enn dýpri ótta sem tengist kvenlíkamanum og tímgunarhlutverki hans.<sup>45</sup> Gamalkunn fantasía um að konan búi yfir *tenntum leggöngum* (lat. *vagina dentata*) er til vitnis um það. Skaut konunnar er nefnilega upphaf lífs og dauða eða eins og Freud segir í ritgerðinni „Das Unheimliche“:

Oft kemur fyrir að taugaveiklaðir karlmenn lýsa því yfir, að þeim finnist eitthvað óhugnanlegt við sköp kvenna. Þessi *unheimlich* staður er þó inngangurinn að hinu upphaflega *Heim* [heimili] allra

<sup>43</sup> Vivienne Muller, „Same old ‘Other’ mother? Neil Gaiman’s *Coraline*“, *Outskirts. Feminisms Along the Edge*, 26: 2012, bls. 1–6, hér bls. 1.

<sup>44</sup> Barbara Creed, *The Monstrous-Feminine. Film, Feminism, Psychoanalysis*, London and New York: Routledge, 2003, bls.158–160.

<sup>45</sup> Sama rit, bls. 2–3 og 52–55.

manna, heimkynnum, þar sem hvert og eitt mannsbarn bjó endur fyrir löngu og í upphafi. Í skríttlu einni segir, „ástin er heimþrá“; og í hvert sinn sem einhvern dreymir stað eða land og segir við sjálfan sig í draumnum: „Þennan stað þekki ég; hér hef ég verið áður“ getum vér ráðið í það svo að staðurinn sé sköp eða líkami móðurinnar. Einnig í þessu tilviki er *unheimlich* það sem einu sinni var *heimisch*, gamalkunnugt; forskeytið *un* sýnir bælinguna.<sup>46</sup>

Uppreisn Kóralínu gegn móðurinni í upphafi bókarinnar einkennist fyrst af kröfu hennar um óskipta ást og athygli móðurinnar sem hefur ekki tíma til að sinna henni. Um leið vill Kóralína að móðirin viðurkenni sjálfstæði hennar, val á skólafötum, mat og afþreyingu. Um það stendur styrinn í fatabúðinni þar sem móðirin ansar ekki fatasmekk Kóralínu og þessi ómerkilegu átök skipta telpuna miklu máli af því að hún er að byrja í nýjum skóla. Í reiði sinni fer telpan inn í stásstofuna sem hún má ekki fara inn í, opnar dyrnar sem hún á ekki að gera og hittir fyrir hina móðurina, sér í gegnum hana og skorar hana á hólm. Þegar allar grímur eru fallnar undir lokin birtist hin móðirin svona:

„Hin mamma var risastór [...] höfuðið á henni snerti næstum loftið – og hún var náfól, eins og maginn á könguló. Hár hennar hlykkjaðist og bugðaðist í allar áttir og tennurnar voru eins beittar og hnífar“ (133).

Hin móðirin er birtingarmynd *hins ókennilega* í bókinni. Hún er Medúsan sem blindar alla sem hún lítur á, hún er hin fallíska móðir, hvasstennt með ógnandi klær og ofsareið. Kóralína skilur ekki hvernig henni gat fundist hin móðirin lík raunverulegu mömmu sinni í upphafi. Hinni móðurinni fylgja fjölmörg móðurtákn sem flokkast undir úrkast (e. *abject*): frumstæð og líkamleg.<sup>47</sup>

Þegar Julia Kristeva reynir að lýsa því sem hún kallar úrkast (e. *abject*) er það þrautinni þyngra. *Úrkastið* verður til fyrir máltöku, það er bundið líkam-

<sup>46</sup> Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 224.

<sup>47</sup> Í kennslu og umræðum um þessa bók með stúdentum koma oft upp sterk (varnar) viðbrögð hjá ungum konum gegn „skrímislisvæðingu“ móðurinnar í *Kóralínu*. Það er eiginlega óhjákvæmilegt ef ógnarmyndir hinnar móðurinnar, sem eru útkoman úr frumferlum og tilfærslum Kóralínu/Gaiman, er færð inn í raunveruleika þar sem köngulær, mannát og aflimanir hafa engar augljósar vísanir til mæðra. En hér er verið að tala um hugrænar ófreskjur, ímyndir og stækkaðar myndhverfingar, innri ótta og órólegra tilfinninga sem leita sér forms í hryllingskonu Barböru Creed.

legri upplifun og á sér engan stað í hinni táknrænu reglu. *Úrkastið* er þannig hvorki fast né fljótandi, hvorki viðfang né gerandi, það tilheyrir hvorki dulvitundinni né vitundinni. Kristeva lýsir áhrifum þess sem ósjálfráðu, líkamlegu viðbragði, eins og þegar maður ætlar að drekka staðna mjólk og finnur á vörum skán sem ekki á að vera þar. Maður kúgast, kannski ælir maður, reynir að kasta ógeðinu út úr líkamanum. *Úrkastið* tengist þannig frumstæðu lagi sálarlífsins, sem Kristeva kallaði *Hlutinn*, og er ótáknlegt. Kristeva segir:

Ókennileikinn skellur á manni, öflugur og skyndilegur, og þó hann gæti hafa verið kunnur í óskýru og gleymdu lífi, er hann núna að ofsækja mig af því hann er aleinn og andstyggilegur. Ekki ég. Ekki það. Heldur ekkert annað. „Eitthvað“ sem ég þekki ekki aftur sem neitt. Hlass af merkingarleysi, og ekkert í því er einskis virði og það er óviðráðanlegt. Á mörkum þess að vera ekki og ofskynjana, komið úr veruleika sem myndi eyða mér ef ég viðurkendi hann. Þar verða úrkastið og úrköstunin mér til bjargar. Upphaf menningar minnar.<sup>48</sup>

Í leit sinni að sálum vofubarnanna og hinum raunverulegu foreldrum sem hin móðirin hefur rænt fer Kóralína úr rými í rými í hinu húsinu og rekst á torkennilega, hálfformaða eða formlausa óskapnaði, hvorki dýr né menn heldur einhvers konar lifandi blendinga eða óskilgreinda lífmassa frá „verkstæði“ hinnar móðurinnar, knúna áfram af vilja skapara síns. Þannig finnur hún formlausa tvíhöfða veru í eggjapoka í köngulóarvefnum í hinu leikhúsinu, nokkurs konar sýndarleikhúsi sem hin móðirin töfrar fram til að skemmta Kóralínu. Þar þarf hún að stinga hendinni gegnum slímvaflinga köngulóarinnar til að ná sál eins barnsins úr höndum fyrirbærisins.

Þess ber að geta að Kóralína reynir að gera hinn föðurinn að bandamanni sínum þegar gamnið kárnar. Eins og raunverulegi faðirinn er hann ljúfur og stendur með Kóralínu á meðan hún gerir ekkert sem móðurinni mislíkar. Áður er sagt að Kóralína er mjög elsk að raunverulega pabba sínum og hann að henni. Hún segir kettinum að hún dáist að hugrekki hans og styrk. En á meðan samband hennar við móðurina hefur slíkt ofurvægi er hlutverk föðursins líka í uppnámi. Kóralína getur ekki tengst honum, hvorki á jákvæðan né neikvæðan hátt, á meðan hún er jafn óörugg um sjálfa sig og

<sup>48</sup> Julia Kristeva, *Powers of Horror. An Essay on Abjection*, Leon S. Roudiez þýddi, New York: Columbia University Press, 1982, bls. 2–3.

vilja sinn og raun ber vitni.<sup>49</sup> Þetta jafnvægisleysi endurspeglast ekki aðeins í viðureign hennar við hina móðurina heldur líka viðureign hennar við hinn föðurinn. Hún finnur hann niðri í hinum kjallaranum í leit sinni að sálum barnanna. Hin móðirin virðist hafa hent honum þangað og hann er fullur af sjálfsmeðaumkun sem er ekki furða. Hann lítur svona út: „Veran var fól og bólgin eins og lirfa, með granna útlími sem stóðu eins og prik út úr líkam-anum. Andlitið var næstum laust við alla drætti. Það hafði bólgnað og tútnað út eins og gerdeig.“ Þetta stórvaxna kvikindi er bæði eins og risavaxið, hálf-formað skordýr og matur í gerjun. Frá þessum hryllingi berst mannleg rödd. Og þessi föðurmynd ræðst á hana. Kóralína stynur af „vanlíðan og hryllingi“ (116).

Kóralína verður að flýja í lokin með börnin og foreldra sína sem hún hefur bjargað auk kattarins, gegnum dimm göng sem liggja milli heimanna tveggja, þau eru sleip, gljúp og að koma við vegginn er eins og að reka höndina upp í blautan, heitan munn á einhverjum. Hún veit að ef hún dettur í þessum göngum muni hún ekki stíga upp aftur. Þetta leggur hún að baki sér og kemst á síðustu orku sinni yfir á gamla heimilið. Móðir hennar vekur hana um morguninn þar sem hún sefur í hægindastól í stásstofunni. Foreldrar hennar sýna engin merki þess að þau hafi lent í yfirgengilegum hrakningum sem gíslar hinnar móðurinnar síðustu dagana. Var þetta þá bara draumur Kóralínu?

Sé svo lýkur honum ekki hér. Hægri hönd hinnar móðurinnar hefur klemmst og klippst af í hurðinni sem skall aftur milli ganganna og hins heimsins og hún fylgir telpunni. Höndin vill fá lykilinn að hurðinni og þar með aðgang að heimi Kóralínu. Það er ekki hægt að drepa þetta verkfæri hins illa því líf þess er ekki þessa heims, aftur verður Kóralína að beita kænsku sinni til að vinna bug á skrímslinu og það gerir hún og ítrekar þar höfnun sína á hinn móðurinni svo að það verður ekki skýrar gert. Þá fyrst getur hún sæst við foreldra sína og fagnað sigri.

\*

Sagan af Kóralínu er saga af stúlkubarni sem er að losa sig frá sterkum móðurbindingum til að geta þróast sem ung kona. Í upphafi sögunnar finnur hún móður sinni allt til foráttu og túlkar framkomu hennar ýmist sem vanrækslu eða ofríki. Höfnun hennar á móðurinni er algjör þegar hún

<sup>49</sup> Þetta er sagt með vísun til jafnvægis innan hins þríhyrning Ödipusarstigsins sem ræddur var hér að framan.

ákveður að skipta henni út fyrir aðra móður eins og börnin í „Nýju móðurinni“, draugasögu Lucy Lane Clifford. En öfugt við þau sér hún að sér og þegar hún stendur andspænis móðurófreskjunni sem hún sjálf hefur skapað í árásargirni sinni og reiði veit hún að hennar eigin móðir er „nógu góð móðir“. Þegar hana vantar herslumuninn upp á að loka dyrunum sem skilja milli hinnar móðurinnar og hennar sjálfrar og skjólstæðinga hennar heyrir hún hina raunverulegu móður sína segja: „Vel gert, Kóralína!“ Viðurkenning móðurinnar gefur dótturinni stolt og styrk til að ljúka sínu hættulega verkefni og enda á lygnum sjó.<sup>50</sup>

Karen Coats endar grein sína „Between Horror, Humour, and Hope“ á því að segja að gotneskar sögur séu holl lesning fyrir börn sem búi við sæmileg kjör. Það er því miður ekki alltaf hægt að fullyrða að þau hafi enga raunverulega ástæðu fyrir ótta sínum en innri átök og ósigrar fylgja því einfaldlega að stækka og þroskast. Coats segir: „Vel gerðar hrollvekjur geta fyllt upp í þessi göt, gefið óhlutstæðum, sálrænum ferlum áþreifanlega mynd, haldið forboðinni hrifningu og áleitnum ótta þar sem börnin geta séð þau og blandað við þau heilbrigðum skammti af hómor og von.“<sup>51</sup>

## ÚTDRÁTTUR

### Kóralína og mæður hennar. Um vandkvæði þess að skipta um móður í *Kóralínu* eftir Neil Gaiman

Í greininni er fjallað um nútímaævintýrið *Coraline* (2002). Kenningarammi sálgreiningarinnar hefur verið áberandi í fræðilegri umræðu um þessa bók frá upphafi og þessi grein er engin undantekning frá því. Aðallega er byggt á kenningum Sigmunds Freud um „hið ókennilega“ og Juliu Kristevu um „úrkastid“ auk femínískrar gagnrýni Barböru Creed á „the monstrous feminine“. Fjallað verður um samband mæðra og dætra í bókinni og þroskasögu Kóralínu sem er ellefu ára telpa að brjótast undan valdi móður sinnar. Sú uppreisn fer fram í stórkostlegri sviðsmynd þar sem „hin móðirin“, illviljuð og gráðug, ræður ríkjum. Niðurstaða Kóralínu er að hin raunverulega móðir, „nógu góða móðirin“, sé allt sem telpa þarf.

<sup>50</sup> „The good enough mother“ er móðir sem gætir þess að reyna EKKI að koma til móts við allar þrár og kröfur barnsins heldur leyfir því að spjara sig sjálf eftir því sem þroski þess leyfir. Sálgreinandinn Donald Winnicott sem var hallur undir viðfangstengslakeningar Melanie Klein setti fram þessa kenningu.

<sup>51</sup> Karen Coats, „Between Horror, Humour, and Hope“, bls. 91.

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR

*Lykilorð:* Kóralína, Neil Gaiman, nútímaævintýri, sálgreining, hið ókennilega, samband móður og dóttur.

A B S T R A C T

**Coraline and her Mothers. On the Problems  
following crossing Mothers in *Coraline* by Neil Gaiman**

In the following article the modern fairy tale of *Coraline* (2002) is discussed. Theories on psychoanalysis have been dominant in academic discussion about this novel since its initial publication and this article is no exception. Sigmund Freud's theory on "the uncanny" as well as Julia Kristeva's theories on the "abject" and Barbara Creed's theories on "the monstrous feminine", are used to analyse the relationship between mothers and daughters in the novel. Coraline is 11 years old and rebelling against her mother. This rebellion is depicted in a fantastic scenario where Coraline enters the other home and confronts the other mother, who is evil and greedy. Coraline comes to the conclusion that her own mother is "a good enough mother" and all that a daughter needs.

*Key words:* Coraline, Neil Gaiman, modern fairy tales, psychoanalysis, "the uncanny", mother-daughter relationship.

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR

Prófessor emeritus í íslenskum bókmenntum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Veröld, Brynjólfsgötu 1

107 Reykjavík

dagny@hi.is